



Ársskýrsla 2025 – 2026

Stjórnandi Litlu Lúðró	Anastasia Kiakhidi
Stjórnandi Gemlingasveitar	Anastasia Kiakhidi
Stjórnandi Stóru Lúðró	Martin Markvoll
Stjórnandi Víkingasveitar	Martin Markvoll

Litla Lúðró

Þverflauta	Bjarndís Emma Dagsdóttir
Klarinett	Eydís Ísaksdóttir
Kornett	Kristín Ósk Sigurðardóttir (bara á haustönn) Sara Björk Kristínardóttir
Píanó/klukkuspil	Camilla Rafney Sveinsdóttir (byrjaði eftir áramót) Fanney Lára Aronsdóttir
Gítar	Aron Ingi Óskarsson (byrjaði eftir áramót)
Slagverk	Benjamín Leó Mattíasson (bara á haustönn) Ísleifur Narfi Arnþórsson

Gemlingasveit

Þverflauta	Ingunn Arna Rúnarsdóttir Nína Elsa Martinsdóttir Markvoll
Klarinett	Martyna Barbara Motyka Sóley Georgsdóttir
Kornett	Ásta Líf Guðmundsdóttir
Barítónhorn	Fjölur Þór Jónsson (bara á haustönn) Lárus Jóhann Steinarsson (bara á haustönn)
Píanó	Arney Kúld Arnórsd. Mariudóttir (bara á haustönn) Klara Dís Kaneckaite
Slagverk	Eiríkur Helgason (byrjaði eftir áramót) Hallvarður Hinrik Sigurðsson (bara á haustönn) Jóhann Flóki Viglundarson

Stóra Lúðró

Þverflauta	Katrín Lára Árnadóttir
Klarinett	Brynja Rún Rúnarsdóttir
	Gabriel Góí Jóhannsson
	Julia Krystyna Kowalska
Altsaxófónn	Jón Dagur Jónsson
	Oliver Már Jóhannesson
Kornett/Trompet	Igor Mikolaj Kowalski
	Kristofer Dean Campbell
	Wojciech Ryszard Kowalski
Franskt horn	Bence Petö (einnig trompet)
Básúna	Gergö Petö
Klukkuspil/Píanó	Efemía Rafney Sveinsdóttir
	Hjördís Ella Hauksdóttir
Rafbassi	Hákon Rúnar Hólmgeirsson
Slagverk	Alex Ýmir Gunnlaugsson
	Ármann Ingi H. Hjaltalín (bara september)
	Gabriel Már Hoffmann Elvarsson

Víkingasveit

Þverflauta	Anastasia Kiakhidi, kennari
Klarinett	Brynja Rún Rúnarsdóttir
	Julia Krystyna Kowalska
Altsaxófónn	Jón Dagur Jónsson
	Oliver Már Jóhannesson
Kornett/Trompet	Bence Petö
	Igor Mikolaj Kowalski
	Kristofer Dean Campbell
Básúna	Gergö Petö
Píanó/Klukkuspil	Sesselja Arnpórsdóttir
Rafbassi	Hákon Rúnar Hólmgeirsson
Slagverk	Arnar Franz Hauksson

Foreldrafélag

Í stjórn voru Adela Marcela Turloiu, Anna Margrét Ólafsdóttir, Edda Baldursdóttir, Eszter Petö, Jóna Gréta Guðmundsdóttir (gjaldkeri), Kristín Rós Jóhannesdóttir og Steinunn María Þórsdóttir. Stjórnin lagði mikla vinnu í undirbúning ferðarinnar til Gautaborgar í júní. Bæði styrkumsóknir og önnu fjáröflun gekk einstaklega vel.

Ný hljóðfæri

Engin ný hljóðfæri voru keypt fyrir lúðrasveitina á þessu ári, en skólinn eignaðist kontrabassa. Hann var keyptur fyrir styrktarfé sem Jósep Blöndal safnaði haustið 2024. Bassinn kom í Stykkishólm í ágúst 2025.

Starfsárið 2025 - 2026

- 2. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró og Víkingasveit
3. september Fyrsta æfing haustsins hjá Gemlingasveitinni
9. september Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró

28. október – Aðalfundur foreldrafélagsins

Eftir æfingu á þriðjudegi var haldinn aðalfundur foreldrafélagsins. Víkingasveitin spilaði fyrst nokkur lög. Fundarstjóri var Edda Baldursdótti en Steinunn María Þórsdóttir var fundarritari. Edda sagði frá styrk sem verið er að sækja um frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Martin sagði frá fyrirhugaðri ferð til Gautaborgar sumarið 2026. Síðan var kosið í stjórn: Anna Margrét Ólafsdóttir, Edda Baldursdóttir, Eszter Petö, Jóna Gréta Guðmundsdóttir (gjaldkeri) og Kristín Rós Jóhannesdóttir. Adela Marcela Turloiu væri líka til í að aðstoða en hún býr á Rífi og kemst ekki alltaf á fund.

1. nóvember – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró og Gemlingasveitinni

Á laugardegi voru hefðbundir æfingabúðir fyrir Litlu Lúðró og Gemlingasveit.

16. nóvember – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró og Víkingasveitinni

Á sunnudegi voru æfingabúðir í tónlistarskólanum. Kennarar voru Martin, Anastasia, Haffi, Hólmgeir ásamt Baldri O. Rafnssyni frá Grundarfirði. Dagskráin var hefðbundi en Víkingasveitin æfði þrisvar sinnum í þetta skiptið. Þetta kom vel út. Ekki var leyfilegt að vera með síma í æfingabúðunum. Krakkarnir áttu góða stund saman og fengu sér flatbökur eftir tónleika.

18. nóvember – Hausttónleikar í Stykkishólmskirkju

Þriðjudaginn 18. nóvember voru hausttónleikar í sal tónlistarskólans. (Kirkjan var upptekin.) Jón Dagur Jónsson var kynnr. Litla Lúðró spilaði *Haustlag*, *Kóngurinn kemur*, *Tröllumars* og *Nem Kwela*. Gemlingasveitin spilaði *Sultublús*, *Óðurinn til gleðinnar*, *Hr. Lúðró*, *Þorrasnarl* og *Stígvélalagið*. Víkingasveitin spilaði *Cold Duck Time*, *Ladyfingers* og *Do-Re-Mi*. Stóra Lúðró spilaði *Suite for Fun*, *Circle of Life*, *Raiders March* og *Tijuana Taxi*.

11. desember – Gemlingasveitin í leikskólanum

Á fimmtudagsmorgun voru haldnir tónleikar í leikskólanum. Krakkarnir sýndu börnunum hljóðfæri og spiluðu jólalög.

16. desember – Hátíðartónleikar í Stykkishólmskirkju

Á þriðjudagskvöld voru jólatónleikar tónlistarskólans í kirkjunni kl. 18:00.

Litla Lúðró spilaði *Jólaflukkur*. Víkingasveitin spilaði *Jingle Bells Mambo*. Stóra Lúðró spilaði *Skín í rauðar skotthúfur*. Litla Lúðró, Gemlingasveitin, Stóra Lúðró og Víkingasveitin spiluðu síðan *Bráðum koma blessuð jólin* þar sem allir tónleikagestir sungu með.

14. mars – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró og Víkingasveit

Á laugardegi voru æfingabúðir í tónlistarskólanum. Því miður forfölluðust þrír kennarar vegna veikinda og annars, en Martin og Anastasia skiptu hópunum milli sín. Æfingabúðirnar enduðu eins og venjan er á fjölskyldutónleikum og pitsupartíi.

19. mars – Víkingasveitin á Júlíönuhátíð

Skapandi deild tónlistarskólans og Víkingasveitin fengu boð um að spila á opunarhátíð Júlíönuhátíðarinnar. Strákarnir í skapandi deildinni voru búnir að semja lag við ljóð eftir Júlíönu og Víkingasveitin flutti einnig útsetningu af þessu lagi. Við fengum vel borgað fyrir þetta og rennur peningurinn í ferðasjóð.

21. mars – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró og Gemlingasveit

Á laugardegi voru æfingabúðir í tónlistarskólanum. Þar sem Anastasia var í veikindaleyfi á þessum tíma sáu Martin, Evgeny og Haffi um að stjórna og kenna.

17.-18. apríl – Nótan á Patreksfirði

Laugardaginn 18. apríl voru haldnir svæðistónleikar fyrir Vesturland á Patreksfirði.

Í hádeginu á föstudegi var lagt af stað í rútu með Baldri. Með í ferðinni voru tíu nemendur frá okkur, sex úr Grundarfirði og einn úr Snæfellsbæ. Samtals komu fjórir fullorðnir með, en Hólmgeir og Martin fóru fyrir hönd Stykkishólms. Á Patreksfirði var fyrst samæfing og pitsuhlaðborð í félagsheimilinu áður en við gistum í Patreksskóla. Á laugardag voru æfingar fyrir hádegi en tónleikar kl. 14. Okkar atriði voru Brynja Rún Rúnarsdóttir á klarínnett, hljómsveit úr Skapandi deildinni og Víkingasveitin. Allir þátttakendur spiluðu einnig með í *Rock Around the Clock*. Eftir tónleika var kaffi í boði kvenfélagsins og svo var keyrt heim. (Baldur var ekki að sigla þennan dag.)

14. maí – Vortónleikar í Stykkishólmskirkju

Á uppstigningardag voru haldnir vortónleikar í Stykkishólmskirkju kl. 14. Jón Dagur Jónsson var kynnir. Litla Lúðró spilaði *Spánn*, *Kínverjinn* og *Tröllumars*. Gemlingasveitin spilaði *Hólmurinn*, *Erie Canal Capers* og *Tveir litlir fiskar*. Víkingasveitin spilaði *Java Jive* og *I Got You (I Feel Good)*. Stóra Lúðró spilaði *Soul Bossa Nova*, *John Williams Trilogy* og *Amazing Grace*. Að lokum spiluðu allar sveitir *Sultublús* og *Stamp*. Eftir tónleika var haldið kökuhlaðborð til að safna fyrir utanlandsferðina.

15. maí – Skólatónleikar í Stykkishólmskirkju

Daginn eftir vortónleika héldum við skólatónleika fyrir 1.–10. bekk grunnskólans. Við endurtókum efnisskrána frá vortónleikunum.

17. júní – Stóra Lúðró í skruðgöngu

Á þjóðhátíðardaginn var skruðganga niður Skólastíg í átt að höfninni, síðan upp Hafnargötu og Aðalgötu og inn í Hólmgarð. Stjórnandi var Martin, en Haffi spilaði með. Lögin sem voru spiluð: *Öxar við ána*, *Hafið bláa hafið*, *Á Sprengisandi*, *Prinsessumars*, *Það er komin 17. júní*, *Boller*, *kaker og brus* og *Soul Bossa Nova*. Í Hólmgarðinum voru spiluð þrjú lög.

21. - 26. júní – Göteborg Music Festival – ferðaskýrsla

Sunnudagur 21. júní – föstudagur 26. júní.

Hátíðin stóð yfir 21.-25. júní, en við bættum við einum aukadegi að hátíðinni lokinni.

Með í ferðinni voru tveir nemendur úr Litlu Lúðró, fimm úr Gemlingasveitinni og 17 úr Stóru Lúðró og Víkingasveit. 32 systkini og foreldrar komu með og samtals fóru 56 manns með í ferðina.

Fyrir ferðina voru allir búnir að panta sér rauðan lúðrasveitarbol og flestir derhúfu í stil (framleitt af *Margt smátt*).

Sunnudagur

Við tókum rútu frá Stykkishólmi kl. 11:00 og vorum komin á Keflavíkurflugvöll um kl. 14. Bílstjóri var Guðmundur Hjartarson. Flest okkar fóru með rútnni, en nokkrar fjölskyldur keyrðu á sínum bílum.

16:50-21:45 Flug með Icelandair frá Keflavík til Gautaborgar.

Flug til Gautaborgar en heim frá Kaupmannahöfn

Icelandair var besti kosturinn, en við ákvaðum að bæta við einn aukadag eftir hátíðinni. Til að ná því var ákveðið að fljúga heim frá Kastrup (Kaupmannahöfn). Við bókuðum rútu sem tók okkur frá Gautaborg til Kastrup. Það þurfti að innrita 10 hljóðfæri en þar sem þau voru öll innanvið 23 kg var nóg að fara með þau í „sérfarang“ (odd-size). Fjölskyldurmeðlimir voru duglegir að pakka saman í töskur og þannig þurftum við ekki að borga aukalega fyrir hljóðfærin.

Við lentum seint um kvöld í Gautaborg og fengum rútu sem keyrði okkur beint á hótelið. Roger, framkvæmdastjóri GMF, tók á móti okkur og var búinn að biðja eldhúsið um að geyma kvöldmat handa okkur (norskar pitsur!).

Gisting

Hátíðarhótelið var *Scandic Opalen Göteborg*. Við gistuðum öll þar. Hótelið var miðsvæðis og í göngufæri frá æfingasvæði, mötuneyti og skólanum þar sem flestar lúðrasveitir gistu.

Hinsvegar var svolítið labb niður í miðbæ þar sem við spiluðum í bátnum „Party-paddan“ og í göngugötunni Kopparmärra. Það tók um 20 mínútur að labba þangað, en GMF var með sendibíl fyrir hljóðfærin.

Mánudagur

Fyrir hádegi var „workshop“ (samspil) þar sem allir nemendur úr Stóru Lúðró og Víkingasveitinni tóku þátt. Nemendur á miðstigi voru í miðhópnum og nemendur á unglingastigi og framhaldsskóla voru í elsta hópnum. Kennaranir voru sex félagar úr *Göteborg Brass Quintet* og byrjuðu þeir á að spila lag fyrir okkur sem við fengum svo að læra eftir eyranu. Á meðan fóru nemendur úr Litlu Lúðró og Gemlingasveit, ásamt foreldrum og systkinum í Trädgårdsforeningin, fallegur garður nálægt miðbænum. Flestir löbbuðu síðan yfir í Haga ásamt mörgum af eldri krökkunum.

Eftir hádegi var tónleikakeppni. Sjö lúðrasveitir tóku þátt, en okkur gafst ekki mikill tíma til að hlusta á aðrar sveitir. Við kepptum í annari deild og seinna í vikunni var tilkynnt að við lentum í 3ja sæti og fórum heim með bikar, viðurkenningaskjal og flott nótnastatif í verðlaun.

Priðjudagur

Workshop fyrir hádegi eins og á mánudag (nýtt lag). Á meðan fóru yngsti nemendur og fjölskyldur þeirra í Slottskogen þar sem er skemmtilegur leikvöllur og dýragarður. Restin af hópnum kom þangað eftir workshop. Til að komast þangað þurfti að taka sporvagn (og strætó vegna framkvæmda á sporvagnsleiðinni). Ferðin tók um 30 mínútur. Hluti af hópnum lenti svo í vandræðum með að komast heim og endaði á að taka Uber, en hægt var að taka sporvagninn beint frá garðinum (sem við vitum núna).

Eftir hádegi fórum við í siglingu og spiluðum um borð í Party-paddan. Þetta var opinn prammi sem keyrði hægt um síki borgarinnar á meðan við spiluðum fyrir fólk sem var í göngutúr eða sat á veitingastöðum. Það kom smá babb í bátinn þar sem nokkur hljóðfæri gleymdist á hótelinu en það tókst að redda þessu.

Strax eftir siglingu var spilað í göngugötu í miðbænum. Þar var búið að setja upp svið með trommusetti, nótnastatífum og hljóðkerfi. GMF sá um að skutla hljóðfærum okkar en annars var bara 15-20 mínútna labb frá hótelinu.

Um kvöldið var diskó, en bara örfáir hólmarar fóru þangað. Stjórn foreldrafélagsins fóru í „ledarutflykt“ (siglingu) á meðan.

Miðvikudagur

Um morguninn var workshop, samspil, þar sem hver hópur kláraði að læra tvö lög, þar af átti að spila annað lagið með öllum þátttökendum á lokatónleikunum.

Á meðan fóru yngstu nemendurnir og fjölskyldur þeirra í nátturu- og vísindasafnið *Universeum*, þangað var um 10 mínútna ganga.

Eftir hádegi fórum við í skrúðgöngu sem byrjaði í Trädgårdsforeningen og fór um miðbæinn áður en hún endaði á sama stað. Skrúðgangin tók um 45 mínútur og heppnaðist mjög vel.

Um kvöldið voru lokatónleikar hjá Ullevi Stadium. Þar voru samspilslögin sem voru æfð um morgnana flutt og Bence tók á móti verðlaunum fyrir okkar hönd.

Fimmtudagur

Þetta var dagurinn sem flestar aðrar sveitir fóru heim, en við hlökkuðum til að eyða meirihlutanum af deginum í Liseberg-skemmtigarðinum. Fyrst fengum við okkur hádegishlaðborð á *Liseberg Grand Curiosa* hótelinu og síðan voru flestir í Liseberg þangað til garðurinn lokaði kl. 22:00.

Föstudagur

08:00 kom rúta sem keyrði okkur til Kastrup, Kaupmannahöfn. Þar sem Bence og Gergö ætlaði til Ungverjalands tóku þeir og Steinunn María lest á undan. Martin og fjölskylda hans urðu eftir í Gautaborg og fór síðan til Noregs. Flugíð fór kl. 16:55 og var lent á Íslandi kl. 18:10. Þar beið Guðmundur eftir okkur með rútuna og keyrði okkur heim til Stykkishólms.

Hvað erum við ánægð með?

Skipulag og framkvæmd hátíðarinnar. Þetta er rótgróin hátíð og þó hún breytist smá er hægt að treysta á hana og vita fyrirfram hvað við eigum von á. Dagskráin var fjölbreytt og ekki of strembin (Hægt að velja hvað við gerum mikið.)

Í þetta skipti gekk einstaklega vel að safna fyrir ferðinni og þess vegna höfðum við efni á að borga bæði fargjald, hótél og hádegishlaðborð fyrir alla félaga lúðrasveitarinnar. Hópurinn sem fór núna var einnig tvisvar sinnum stærri en sá sem fór árið 2023 (bæði hljóðfæraleikarar og fjölskyldumeðlimir).

Þessir aðilar styrktu ferðina:

Kvenfélagið Hringurinn	300.000 kr.
BB og synir	50.000 kr.
Lionsklúbburinn Harpa	250.000 kr.
Marz sjávarafurðir	50.000 kr.
Skipavík	100.000 kr.
Rafðonararsamband Íslands	500.000 kr.
Rannís - Barnamenningarsjóður	500.000 kr.
Samtals	1.750.000 kr.

Hvað má gera betur, eða muna næst?

Það er um að gera að byrja snemma að skipuleggja ferðina, svo við fáum staðfest hverjir koma með. Þá er mikilvægt að ákveða hvort við viljum gista í skólanum eða á hóteli, því núna vorum við of sein til að fá pláss í skólanum.

Það væri gaman að hafa fána með merki sveitarinnar til að hafa í skrudgöngu og einnig væri gott að hafa reyndan einstakling fremst með fánann til að stjórna hraða skrudgöngunnar því við eigum það til að labba svolítið hratt.

Gott væri að merkja allar hljóðfæratöskur með t.d. íslenskum borða (auðveldara að róta).

Það væri gaman að hafa þínu þjóðlegan búning eða peysu, gjarnan með íslenska fánanum. Einnig væri gott að allir væru með eins derhúfu.

Passa að hafa nóg af íslenskum fánum með fyrir alla í LL og GS sem spila minna með t.d. þegar farið er í skrudgöngu.

Einar Áskell-safnið er staður sem væri gaman fyrir yngstu börnin að heimsækja.

Fararstjóranir sem fara í „ledarutflykt“ verða að klæða sig vel (kalt í siglingunni).

Gott að fá að geyma hljóðfærin á hótelinu, en skipulagið þarf að vera gott svo hljóðfæri eða nótur gleymist ekki. Hafa t.d. nótna-umsjónarmann?

Taka með þvottaklemmur fyrir nótur þegar við spilum úti.

Leggja meiri áherslu á að halda hópinn, sérstaklega þegar unglingarnir fara saman á kvöldin eða í Liseberg.

Einnig hefur...

- Litla Lúðró æft frá 14:30 - 15:00 á hverjum þriðjudegi.
- Gemlingasveit æft frá 15:30 - 16:30 á hverjum miðvikudegi.
- Stóra Lúðró æft frá 16:44 - 17:40 á hverjum þriðjudegi.
- Víkingasveitin æft frá 17:50 - 18:30 á hverjum þriðjudegi.

Stykkishólmi, ágúst 2026

Anastasia Kiakhidi og Martin Markvoll